

Kassabílar fyrstir yfir nýju brúna



Mynd: Vegagerðin.

Ný tvíbreið brú yfir Stóra-Laxá í Hreppum var formlega opnuð fimmtudaginn 13. júlí. Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra og Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar héldu stuttar ræður á brúnni áður en þau klipptu á borða til að marka hina formlegu opnun. Með þeim í því verkefni voru þeir Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, og Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps. Stóra-Laxá liggur enda á mörkum sveitarfélaganna tveggja.

Hefð hefur verið fyrir því að ráðherra fari fyrstur yfir brýr eftir formlega opnun en í þetta sinn voru það börn af svæðinu sem fengu þann heiður en fararskjótnarnir voru forlata kassabílar sem þeir Haraldur og Jón ýttu yfir brúna.

Sveitarfélagið Árborg tekur lán uppá 1,4 milljarða króna

Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt lántöku hjá Landsbankanum uppá tæplega 1,4 milljarða króna. Lánið er til tveggja ára. Lánið er tekið til að fjármagna sveitarfélagið í gegnum eignir sem eru í söluferli. Samhliða lánu mun yfirdráttarheimild sveitarfélagsins lækka úr 750 milljónum niður í 400 milljónir króna.

Lánið er tryggt með veðsetningu í eftirtöldum fasteignum sveitarfélagsins: Tryggvagata 13 (Sandvíkuskóli), Tryggvagata 36 og landspildu í Björkurstykki.



Fjólu St. Kristinsdóttur, bæjarstjóra Árborgar, var veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánasamning við Landsbankann auk þess að

móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku og veðsetningu þessari.

Englar og menn heldur áfram

Næstu tónleikar á tónlistarhátiðinni Englar og menn í Strandarkirkju verða sunnudaginn 23. júlí kl. 14. Syngjum selunum nýjan söng er yfirskrift tónleikanna þar sem fram fram koma tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson, Pamela De Sensi flautuleikari og Steingrímur Þórhallsson organisti.

Á tónleikunum verður boðið upp á tónlist eftir meðal annars Donizetti, Rossini, Sigvalda Kaldalóns og Schubert, allt frá operuaríum yfir í íslensk sönglög. Einnig verða frumflutt fjögur ný lög eftir Steingrím við ljóð Guðrúnar Valdimarsdóttur sem lést 102 ára á síðasta ári.



**Fáðu
fagmann
í verkið**



Framúrskarandi
fyrirtæki

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun
**Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Arvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

ÚTSALA

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

MEIRI **VERÐLÆKKUN**
OG **STÓRAUKIÐ** ÚRVAL

GERÐU
DÚNDUR KAUP

OPIÐ LAUGARDAG KL. 10-16
OG SUNNUDAG KL. 12-16

Hvað get ég gert í sumarfríinu til að örva málþroska barnsins míns?

Góð ráð til foreldra leik- og grunnskólabarna

Núna þegar leikskólabörn og grunnskólabörn eru komin í sumarfrí frá skólunum sínum er samvera fjölskyldunnar mjög mikilvæg. Foreldrar þurfa ætíð að vera meðvitaðir um að styðja við málþroska barna sinna. Hér koma nokkur ráð og skemmtilegar hugmyndir að leikjum sem styðja við málþroska barna:

Almenn ráð

Nýtið frumkvæði barnsins að samskiptum þegar barnið kemur til ykkar og hefur samræður eða spyr, gefið ykkur tíma til að spjalla við það.

Verið góðir hlustendur og gefið ykkur tíma í samskiptin með því að færa ykkur í hæð barnsins, hlusta, gefa gott augnsamband og bregðast við því sem barnið segir.

Setjið orð á hversdagslegar athafnir og allt sem fyrir augu ber, t.d. „Nú ætlum við að finna til sundfötin áður en við förum í sundlaugin“ eða „Mikið er þetta sólríkur dagur“ útskýrið flókin eða margræð orð og hugtök eftir þörfum.

Lesið fyrir barnið eða hlustið saman á hljóðbækur. Samverustundir með góðri bók hafa mikla þýðingu fyrir málþroska barnsins og leggja grunn að lestrarnámi þess og læsi. Barnið heyrir hvernig málið er notað, hljóð þess og áherslur. Gott er að hafa fasta lestrarstund á hverjum degi t.d. áður en farið er að sofa. Segið barninu hversu gaman þið hafið af lestrarstundunum og látið það finna að þið hafið ánægju af lestrinum með því. Lesið fyrir

barnið af áhuga. Ræðið við barnið um það sem er að gerast í sögunni, hvað er að gerast á myndunum og leyfið barninu að geta upp á því sem gæti gerst næst í sögunni. Rímrunur og þulur geta einnig verið skemmtileg tilbreyting í lestrinum.

Passið að allt afþreyingarefni sem barnið horfir á eða notar sé fyrst og fremst á íslensku. Þegar barnið fær skjátíma er gott að horfa með því á efnið, ræða um það sem horft er á og spyrja það út úr.

Leikskólabörn

Í hvert skipti sem barnið notar bendingar eða aðrar leiðir til að tjá sig skulið þið svara frumkvæði þess og leggja því orð í munn. Ef það bendir á mjólk segið þá „mjólk? Viltu mjólk? Ég skal hella mjólk í glasið þitt“ í staðinn fyrir að bregðast orðalaust við.

Til að auka við mál barnsins og lengja setningar þess endurtakið þið orð þess og bætið við, t.d. ef barnið segir „bill“ þá svarið þið t.d. „já þarna er stór rauður bill“, „stóri, rauði billinn keyrir hratt“ „hvernig bill finnst þér flottastur?“

Endurtakið rétt það sem barnið segir vitlaust. Ef það segir „þarna eru tvær konar“ þá endurtakið þið leiðrétt með því að segja t.d. „já einmitt þarna eru tvær konur“. Barnið fær þá jákvæða endurgjöf og heyrir leiðrétt það sem það sagði sjálft.

Æfðið barnið í að fara eftir fyrirmælum. Hægt er að raða upp dóti á gólf eða borð og biðja barnið að sækja ákveðna hluti eða gera eitthvað sérstakt við þá t.d. „sæktu rauða boltann og settu hann

undir borðið“. Mikilvægt er að aðlagja fyrirmælin að getu barnsins og hafa þau stutt og skýr til að byrja með og lengja eftir því sem færni eykst t.d. „settu sand og steina í bláu fötuna með gula handfanginu“

Farið í hlutverkaleiki líkt og búðarleik, bílaleik eða dúkkuleik með barninu til að vinna með margskonar orð og setninga-gerðir t.d. „hvað vilt þú kaupa í búðinni í dag?“ eða „ísinn kostar þrjár krónur“. Einnig er hægt að æfa eintölu og fleirtölu orða t.d. „má ég fá tvær kökur?“ eða „ég er með tvær gröfur“, fallbeygingar orða t.d. „mín dúkka kom í heimsókn til þinnar dúkku“ eða stigbreytingu lýsingarorða t.d. „guli steinninn er lítill, hvíti steinninn er minni og grái steinninn er minnstur“.

Æfðið endurtekningu setninga með því að fara í hermíkrákuleik þar sem barninu er fyrst gefið stakt orð sem það á að endurtaka, en smám saman lengjast orðin og verða að einföldum eða flóknum setningum.

Það er skemmtilegt að spila saman í sumarfríinu. Samstæðuspil, myndalottó og þess háttar myndaspil eru notuð til að auka orðaforða og setningamyndun en þá er mikilvægt að nefna hluti á myndinni með heilum setningum t.d. „ég fékk stígvél, stígvélið mitt er gult“. Krefjið barnið um hið sama í stað þess að segja: „hvað er þetta?“

Krakka Alias er kjörið myndaútskýringaspil til að efla orðaforða, málskilning og máltjáningu eldri leikskólabarna. Útskýrið myndirnar án þess að sýna þeim þær eða segja orðið sem verið er að útskýra, notið samheiti, andstæður, vísbendingar, hljóð o.fl. til útskýringar. Skiptist á að útskýra. Hægt er að útfæra leikinn með hlutum úr umhverfinu og setja þá í poka eða koddaver og útskýra án þess að sýna hlutinn.

Grunnskólabörn

Lestur skiptir gríðarlegu máli fyrir málþroskann því hann eykur orðaforða, málskilning, málfræði og setningauppbyggingu hjá börnum. Mikilvægt er að viðhalda lestri grunnskólabarna í sumarfríinu með nýjum spennandi og skemmtilegum bókum sem hæfa aldri og þroska þeirra. Margar rannsóknir sýna að börn sem lesa á sumrin koma sterkari til leiks þegar grunnskólinn byrjar aftur á haustin. Þau börn sem lesa ekkert í sumarfríinu þurfa allt að 6-8 vikur í upprifjun og dragast þannig aftur úr jafnöldrum sínum. Hægt er að finna hina ýmsu staði til að lesa á t.d. í skógarljóðri, niður í fjöru, úti á palli eða svölum, á sundlaugarbakkum eða á ströndinni.

Einnig er mikilvægt að foreldrar haldi



Margrét Guðmundsdóttir talmeinafræðingur.

áfram að lesa fyrir barnið eins lengi og mögulegt er. Með því að lesa fyrir það er verið að bæta málfar barnsins og stuðla að almennum þroska. Eftir því sem barnið verður eldra geta samræður um efni barnabókanna orðið innihaldsríkari og hægt er þá að spjalla um valin orð til að auka orðaforðann.

Á löngum ferðalögum getur verið gaman að fara í allskonar leiki sem reyna á málið. Leikir eins og „Nefndu...“ er hægt að útfæra á ýmsa vegu t.d. að nefna ákveðna flokka eins og „Nefndu 10 ávexti/lönd/farartæki...“, „Nefndu 10 orð sem byrja á B“, „Nefndu 5 hluti sem eru stærri/minni/fljótari en hestur“ eða hvaðeina sem ykkur dettur í hug. Einnig er hægt að láta barnið keppa við sjálft sig með því að nefna eins marga flokka eða orð á 30 sekúndum, halda skráningu yfir frammistöðuna og prófa að bæta árangrin.

Annar sígildur leikur á ferðalögum er „Ég sé...“ sem er frábær leikur til að auka einbeitingu, hlustun og örva hugsun. Þið skiptist á að segja t.d. „Ég sé eitthvað sem er brúnt og hneggjar“ eða „Ég sé eitthvað gult“ og aðrir þátttakendur í leiknum giska á hvaða fyrirbæri er um að ræða.

Að lokum

Munið að þið foreldrar eruð besta mál-fyrirmynd barnsins og gegnið lykilhlutverki þegar kemur að málörvun barna ykkar. Þau læra grundvallaratriði tungumálsins í samskiptum við aðra og því er mikilvægt að þau fái mörg tækifæri til þess.

Njótið sumarsins.

Margrét Guðmundsdóttir,
talmeinafræðingur



Mynd: freepik.com

Komdu pallinum og öllu hinu tréverkinu í sumarbúning með **VISTVÆNNI VIÐAR** *pallaolíu* og *viðarvörn* frá **Slippfélaginu**. **VISTVÆNN VIÐAR** er betri fyrir umhverfið.

**SLIPPFÉLAGIÐ**

Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opíð:

8-18 virka daga og **10-14** laugardaga

slippfelagid.is



Heilsubót á Stokkseyri gerð að engu

Sundlaugin á Stokkseyri verður lokað á komandi vetri sem hluta af hagræðingu í rekstri Sveitarfélagsins Árborgar. Um haust og vor verður opnunartíminn skorinn um tvo þriðju, niður í örfáa klukkutíma og erfitt að sjá hverjum sá opnunartími eigi að þjóna. Svo verður skellt í lás yfir veturinn. Tilkynningin um þetta frá sveitarfélaginu ber yfirskriftina „Breytingar á opnunartímum sundlauga“ en í raun er fyrst og fremst verið að gera að engu þjónustuna á Stokkseyri. Til samantunar verður opnunartími Sundhallar Selfoss skertur um samanlagt 5 tíma vikulega.

Laugin á Stokkseyri er nú þegar með það stuttan opnunartíma að maður þarf að sæta lagi til að geta nýtt sér þjónustuna. Frá hausti fram í júní hefur laugin hingað til verið opin 30 tíma á viku en verður við skerðingu aðeins opin 11 klukkutíma á viku um haust og vor. Nánar tiltekið 3 klukkutíma á þriðjudögum og fimmtudögum og svo 5 klukkutíma á laugardögum. Allan veturinn, frá nóvember fram í febrúarlök verður laugin alveg lokað. Til samantunar er opnunartími Sundhallarinnar á Selfossi 93 tímar á viku en styttest í 88 tíma á viku sem telst lítilvæg breyting.

Það því vægast sagt mikill munur á því hve hart er höggvið í þjónustuna á þessum tveimur stöðum. Íbúum er í þessum niðurskurð greinilega misnauð eftir búsetu og sorglegt að sjá skorið mest þar sem þjónustan er þegar mjög lítil. Mér og örugglega fleirum sem búa í jadarbyggðum sveitarfélagsins hefði þótt virðingartækt að niðurskurður á erfiðum tímum

myndi endurspegla eitthvað þá staðreynd að við erum öll hluti af sömu heild. Eða hvað?

Sveitarfélagið hafði þarna tækifæri til að sýna eitthvert hugrekki og jafnræði í verki en skortir vilja til þess. Það hefði jafnvel verið hægt að hugsa niðurskurðinn sem sóknarfæri. Hefði ekki verið hægt að hafa Sundlaug Stokkseyrar opna tvö kvöld í viku yfir veturinn og lokað á sama tíma á Selfossi og þannig beina sundlaugargestum yfir í notalegheitin á Stokkseyri? Nú þegar eru Selfyssingar sem kjósa sérstaklega að nýta lagina og eru þar fastagestir. Laugin er dulin perla og virkilega heillandi í einfaldleika sínum. Þar eru tveir heitir pottar, kaldur pottur, vaðlaug, lítill rennibraut og laugin sjálf grunn og hlý. Sveitarfélagið ætti að sjá það sem langtíma markmið að fjölga íbúum og styrkja innviðaupbyggingu á Stokkseyri og Eyrarbakka til farsældar fyrir Árborg alla. Góð aðstaða til heilsueflingar er hluti af því. Sveitarfélagið gerðist formlega aðili að Heilsueflandi samfélagi árið 2019 með það „meginmarkmiðið að skapa umhverfi og að-



staður sem stuðla að heilsusamlegum lífnaðarháttum, heilsu og velliðan allra.“ Það væri flott að sjá þetta í verki í öllum byggðarkjörnum Árborgar.

Nú er verið að safna undirskriftum til að mótmæla lokuninni og vil ég taka undir með vonsvikum sundlaugargestum og velunnurum sundlaugarinnar á Stokkseyri og biðja sveitarfélagið að endurskoða ákvörðun sína.

Linda Ásdisardóttir
íbúi á Eyrabakka og
sundlaugagestur á Stokkseyri



Sundlaugin á Stokkseyri. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

Önnur umferð Íslandsmótsins í motocross



Alexander Adam Kuc hjá UMFS. Mynd: Aðsend.

Önnur umferðin í Íslandsmótinu í motocrossi fór fram 8. júlí síðastliðinn í blíðskaparveðri. Mótið var haldið á vegum VÍFA upp á Akranesi þar sem rúmlega 70 keppendur voru skráðir til leiks.

Sunnlensku fulltrúarnir á mótinu stóðu sig með þrýði og komust þeir á pall í nokkrum flokkum. Andri Berg Jóhannsson (Umf. Katla) sigraði í 85cc flokkinn, Eric Máni Guðmundsson (UMFS) sigraði unglingaflokkinn, Alexander Adam Kuc (UMFS) endaði í öðru sæti í flokknum MX2, Ásta Petrea Hannesdóttir (UMFS) endaði í þriðja sæti í kvennaflokki og Ragnheiður Brynjólfssdóttir (UMFS) endaði í þriðja sæti í kvenna 30+.

Þriðja umferð fer svo fram á svæði KKA á Akureyri laugardaginn 22. júlí næstkomandi.



Sunnlenski matgæðingurinn



Guðmundur Sigurðsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég vil þakka stórvini mínum honum Ingimari kærlega fyrir þessa áskorun. Ég hef nú aldrei verið þekktur fyrir mikla eldamennsku í gegnum tíðina en móðir mín og tengdamóðir hafa vonandi kennt mér eitthvað í gegnum árin. Uppskriftin sem ég ætla að bjóða uppá hefur lengi verið í upphaldi og hefur aldrei klikkað, sennilega vegna þess að þetta er á færi hvers sem er því þetta er svo einfalt. Kjúklingur í satay með kúskús og spínati.

Kjúklingur í satay með kúskús og spínati

Þessi uppskrift miðast við 4-5 manns.

4 kjúklingabringur
1 krukka af t.d. Blue Dragon Satay sósu
1 pakki (100 gr) af kúskús (mæli með tómát og chilli bragði)
1 krukka af fetast
100 gr af spínati
1 stór og stæðileg gúrka
1 dós kirsuberjatómatar
Dass af kasjúhnetum

Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið í smjöri. Gott að krydda smávegis. Eftir svona 5 mín af steikingu má hella satay sósunni yfir kjúklinginn og láta svo sjóða við vægan hita í svona 15-20 mín.

Á meðan kjúklingurinn mallað sjóðum við vatn og blöndum kúskúsinu við. Hrærum það duglega saman og látum standa í lokuðu íláti í sirka 5 mín.

Því næst skerum við gúrkuna og tómata í smáa bita og skolum spínatið. Hér ræður smekkur fólks ríkjum um hversu mikið það vill hafa af beljufóðrinu.

Þá er það lokahnykkurinn. Finnum til glæsilegt matarilát og setjum ilmandi kúskúsið á botninn á því. Næst hellum við kjúklingnum með satay sósunni yfir. Svo röðum við spínati, gúrkum og tómötum ofan á kjúklinginn og svo endum við þetta með því að skella fetast og kasjúhnetum yfir allt saman.

Einfalt ekki satt?

Þá er það eina sem er eftir er að njóta og brosa út að eyrum!

Ég vil skora á hann Ársæl Einar Ársælsson. Hann er matgæðingur mikill og hvað þekktastur fyrir hraða sinn við matarborðið. Ég efast ekki um að hann muni kokka eitthvað gómsætt fram fyrir okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókagáfan HÖLAR

Þessi skratti á fætur fer,
fínn er oft á hálsi mér,
hraðamælieining er,
ólag sem varast ber.

Svar við gátu í blaði 2709: TÖNN

1. Ýtutönn - 3. Tímans tönn
4. (t)önn



Fljót að finna mér góða skvísubók

segir lestrarhesturinn Ragnheiður Guðjónsdóttir

Ragnheiður Guðjónsdóttir er fædd og uppalin í Hruna-mannahreppi en er sem stendur búsett í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni vorið 2020, hússtjórnarprófi frá Hússtjórnarskólanum í Reykjavík haustið 2020 og stundar nú grunnnám í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Ragnheiður er ein fimm ungra kvenna sem mynda ritlistarkollektívuna Yrkjur en þær hafa staðið að upplestrarkvöldum og vinnustofum í skapandi skrifum, bæði á eigin vegum og í samstarfi við Reykjavík, Bókmenntaborg UNESCO. Ragnheiður hefur einnig setið í ritstjórnnum, bæði hjá tímaritinu Leirburði, sem gefið er út af bókmenntafræðinemum við Háskóla Íslands og norræna safnitinu, Væng við væng sem gefið var út af Orðskjálfra.

Hvaða bók ertu að lesa núna? Þessa stundina er ég að lesa tvær skáldsögur en þær eru annars vegar Ferð til Indlands eftir E.M. Forster og Sölku Völku eftir Halldór Laxness. Ég hef ætlað mér í einhvern tíma að lesa fyrrnefndar bækur en ástæðan fyrir því að þær eru til lestrar þessa stundina er sú að ég er farin að huga að B.A.-ritgerðarskrifum og er að kanna hvort þær eigi við til umfjöllunar þar. Einnig er ég að hlusta á bók, Mad About You eftir rit höfundinn Mhairi McFarlane, en þann höfund uppgötvaði ég fyrir tilviljun á Storytel og þykir hún skrifa nokkuð skemmtilegar bækur sem auðvelt er að gleyma sér í.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín? Segja má að allskonar bækur höfði til mín enda les ég mikið af þeim í náminu og þær eru oftast en ekki allar ólíkar. Þær svara óþreytandi forvitni minni um svo margt og hvort sem það eru miðaldabókmenntir, skáldsögur Jane Austen eða allt þar á milli þá tekst mér einhvern veginn alltaf að læra eitthvað nýtt. Þegar ég vel mér sjálf eitthvað að lesa er ég oftast fljót að finna mér góða skvísubók. Sem dæmi má nefna bækur Jenny Colgan og hef ég verið dyggur lesandi hennar síðan þær voru fyrst

gefnar út í íslenskri þýðingu. Ég á afar skýra minningu af mér þegar ég var í keppnisferðalagi á leið til Gautaborgar og ég og nokkrar mömmur í ferðinni lás-um Sumar í Litla bakariinu við Strandgötu á leiðinni með rútu yfir Eyrarsundið. Endurminningar og ævisögur eru einnig bækur sem ég hef sóst í. Nú í sumar las ég bókina, Þar sem vegurinn endar eftir Hrafn Jökulsson og þótti hún afar góð, svo góð að ég vildi ekki að henni myndi ljúka. Að auki þykir mér gaman að lesa ljóðabækur en mætti þó vera duglegri við það.

Varstu dugleg að lesa sem barn? Ég las ekki mikið sem barn en þó eru nokkrar bækur sem skjóta upp kollinum við upprifjun. Ég man eftir því þegar mamma gróf upp Öddubækurnar sem hún las þegar hún var litil en mig minnir að ég hafi lesið fyrstu tvær eða þrjár. Pollýanna kom einnig við sögu í uppvexti mínum og ég man ekki betur en að það hafi einnig verið mömmu að þakka. Þegar ég svo fór á bókasafnið var ég spenntust fyrir því að fá myndasögur í láni, þá Strumpana og Ævin-týri Tinna.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum? Lestrarvenjur mínar eru skipulagðar og óreiðukenndar í senn. Ef svo má segja er ég alltaf með nokkrar bækur í gangi í einu en yfirleitt á mismunandi formi og jafnvel í ólíkum tilgangi. Þá er ég ávallt með eina bók eða fleiri sem ég les mér til ánægju eða fyrir skólann, ef ekki allt í einu. Einnig er ég alltaf með eina hljóðbók í eyrunum og ef til vill aðra á rafrænu formi. Til þess að þetta mjög svo góða kerfi virki verða bækurnar allar að vera mjög ólíkar eða tilheyra ólíkum bókmenntagreinum. Ef svo er ekki fer ég að slá þeim saman.

En hvað með uppáhalds höfund? Jenny Colgan er í miklu uppáhaldi en það er líklega hennar bókum að þakka að ég sé sá lestrarunnandi sem ég er í dag. Írski rithöfundurinn Sally Rooney er einnig ofarlega á lista þegar það kemur að uppáhalds höfundum. Hún skapar svo áhugarverðar persónur sem



geta verið afar flóknar en eru fyrir vikið mjög áhugaverðar. Jane Austen er einnig höfundur í uppáhaldi hjá mér, ekki einungis vegna þess að ég hef lesið margar af bókum hennar og þótt gaman af, heldur vegna þess að mér hefur þótt afar gaman að stúdera bækur hennar. Síðasta haust tók ég námskeið sem heitir Jane Austen í samtímanum og var kennt af Öldu Björk Valdimarsdóttur. Þar var skáldkonan sjálf skoðuð ásamt áhrifum hennar á bókmenntagreinar eins og til dæmis skvísusögur, en eins og fyrr kom fram eru það bækur sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér.

Hefur bóklestur einhvern tímann rænt þig svefni? Bækur hafa sannarlega rænt mig svefni, það gerist afskaplega oft. Ég á það til að gleyma mér alveg í einhverri bók eða vilja klára hana áður en ég sofna. Ef ég á hundrað blaðsíður eftir af bók þegar ég fer upp í rúm á kvöldin legg ég hana ekki frá mér fyrr en ég er búin að lesa hana. Annars væri það eins og að ganga frá ókláruðu verki eða leggja frá sér þrjónaskapinn í miðri umferð, það hreinlega gengur ekki.

Að lokum Ragnheiður, hvernig bækur myndir þú skrifa sjálf? Sem rithöfundur myndi ég líklega skrifa fyrst og fremst skáldskap. Mig langar að gefa út ljóðabók, færa mig svo yfir í smásögur og síðan að skrifa skáldsögur og mögulega allt í bland einn daginn. Svo er aldrei að vita nema maður prófi að rita ævisögur enda er fátt meira spennandi en að heyra sögur fólks, það hefur oft svo margt merkilegt að segja.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Ózur Snorrason – jonozur@gmail.com

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus



Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 27. apríl, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillaga fyrir Þóróddsstaði 2 - lóð d. Tillagan gerir ráð fyrir að lóðinni verði skipt í tvo hluta, markaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílskúr á annarri en 9 ferðapjónustuhús á hinni. Heimilt verður að byggja allt að 1450 fermetra af byggingum á báðum lóðunum. Þetta er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2020-2036.

Breyting á deiliskipulagi lóðanna Gljúfurárholt 13 og 14 Gerð er tillaga um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Gljúfurárholt 13 og Gljúfurárholt 14 sem nú heita Gljúfurholt og Bjarg. Uppbyggingarheimildir eru auknar í samræmi við það sem aðalskipulag Ölfuss heimilar.

Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Spóavegur 12a Tillagan gerir ráð fyrir að byggja megi íbúðarhús, gestahús og bílskúr á lóðinni í samræmi við heimildir aðalskipulags Ölfuss 2020-2036.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 20. júlí til 24. ágúst 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 24. ágúst 2023.

Eftirtaldar skipulagslýsingar voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 29. júní, í samræmi við 30. grein og 1. og 2. málsgrein 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsing vegna hótels og tengdrar starfsemi í Hafnarvík v. Leirur í Þorlákshöfn Lýsingin fjallar um hótél og tengda starfsemi nærri golfvelli Þorlákshafnar. Hugmyndin er að byggja hótél á svæðinu auk minni gistihúsa í samræmi við heimildir í aðalskipulagi Ölfuss.

Skipulagslýsing vegna nýrra jarðstrengja að fiskeldi vestan Þorlákshafnar Lýsingu fjallar um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi. Hugmyndin er að breyta bæði þéttbýlis- og dreifbýlis-uppdrætti þannig að þeir sýni jarðstrengi frá tengistöð norðan Suðurstrandarveggar að lóðum fiskeldisfyrirtækjanna Landeldis og Geo Salmo.

Skipulagslýsing vegna aðal- og deiliskipulags Ölfusvirkjunar við Fjallið eina Lýsingu fjallar um fyrirhugaða jarðvarmavirkjun við Fjallið eina í Ölfusafretti en rannsóknir benda til þess að þar sé að finna nægan jarðhita.

Lýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 20. júlí til 3. ágúst 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 3. ágúst 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi



Tillögur að áhugaverðum
Lestrarhestum berist á
netfangið jonozur@gmail.com

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Fimmtudaginn 20. júlí, á
Þorlákssmessu á sumar, er úti-
messu við Þorlákssæti kl. 10 og
tíðargjörð kl. 9 og 18. Pílagríma-
ganga á Þorlákssleði í Skálholti
kl. 13.30 með kaffi og kleinum í
nesti. Ekkert þáttökugjald.

Föstudaginn 21. júlí er tíðar-
gjörð kl. 9 og 18 og málping um
Þorlák helga kl. 14. Ekkert þátt-
ökugjald.

Laugardaginn 22. júlí er tíðar-
gjörð kl. 9 og 18, málping um
gervigreind og trú kl. 10, útgáfu-
málping „Skálholt og tyrkjarán-
ið“ kl. 13.30 og hátíðartónleikar
margra kirkjukóra og hljóms-
veitar kl. 16. Enginn aðgangs-
eyrir.

Sunnudaginn 23. júlí er hátíð-
armessa á Skálholtshátíð kl. 14.
Kirkjukaffi á eftir í boði staðarins
í tilefni 60 ára vígsluafmælis
kirkjunnar. Hátíðardagskrá kl. 16
með tónlist og hátíðarræðum.
Orgaltónleikar kl. 11 og tíðar-
gjörð kl. 9 og 18. Enginn að-
gangseyrir að dagskrá eða tón-
leikum.



Mynd: Baldur Róbertsson.

Vel heppnuð forn bílasýning á Selfossi

Það var fjölmennt í Sig-
túnsgarðinum á Selfossi
síðastliðinn sunnudag þegar
bílasýning forn bílanna fór
fram. Á sýningunni voru um
150 ökutæki í öllum stærðum
og gerðum og heppnaðist
sýningin, samkvæmt fram-
kvæmdanefndinni, mjög vel.
Meðfylgjandi myndir tók
Kjartan Björnsson.

DOMUSNOVA
Fasteignasala

AUSTURVEGUR 36

Domusnova fasteignasala auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir íbúðarhús-
næði á lóðinni **Austurvegur 36**. Um er að ræða lóð í grónu hverfi mið-
svæðis á Selfossi þar sem stutt er í alla þjónustu.

Leitað er að kaupanda/fasteignapróunaraðila sem mun taka að sér að hanna, fjármagna og byggja upp íbúðir á lóðinni.


Stærð lóðarinnar er 2.400 m² og er heimilt að byggja 20 íbúðir á lóðinni ásamt bílakjallara.

Á lóðinni stendur í dag 336 m² húsnaði með leiguíbúðum sem skilar góð-
um leigutekjum á mánuði.

Hægt er að fá frekari upplýsingar um lóð-
ina og húsnaðið sem á henni stendur í
dag á netfanginu sverrir@domusnova.is

Tilboð í byggingarrétt á lóðinni ásamt
umbeðnum fylgigögnum skal skila í tölvu-
pósti á netfangið sverrir@domusnova.is
innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00
þriðjudaginn 1. ágúst 2023.

Opnun tilboða verður framkvæmd með
rafrænum hætti eftir að skilafrestur er
liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðs-
gjöfum sent opnaryfirlit rafrænt.





Moskvít gefur út óð til verkafólksins

Í síðustu viku gaf Moskvít út nýtt lag af væntanlegri plötu, Superior Design, en lagið heitir Beautiful Life. Þetta er fyrsta lagið frá Moskvít þar sem Guðmundur Helgi Eyjólfsson og Paolo Decena grípa í gítarinn, Gummi þá á riðma og Paolo rifur í solo gítar. Ásamt Sjonna (söngur og bassi), Alexander (trommur) og Jón Aron (píanó) móta þeir nýja andlit Moskvítar og vill ég meina að það sé undurfagurt.

Bandið hefur verið að spila lagið á tónleikum víða um landið og fengið frábærar viðtökur.

Taktfast og líflegt lag

Beautiful Life er taktfast og líflegt en fjallar þó ekki beint um hvað lífið er fallet, heldur breytingar á umhverfi og hvort þær séu alltaf til hins betra. Er rangt að sakna hlutanna eins og þeir voru? Með aldrinum á fólk það til að hætta að þekkja eigið samfélag. Eru hlutirnir að breytast

eða erum við að breytast? Til hins verra eða betra? ...það er erfitt að segja.

Áður fyrr var fólk sjálfbærara; það þurfti að geta gengið í öll störf, verið sveigjanlegt og búið yfir seiglu. En nú til dags einbeittir fólk sér frekar að einhverju einu sem oft á tíðum gerir það ósjálfbjarga í svo mörgu öðru.

Það er varhugavert að ganga með öll egg í einni körfu vegna þess að þó að sérþekkingu fylgi styrkleikar þarf maður að beygja sig undir sérþekkingu og tíma annarra.

Kassagítarinn spilar inn lagið og það þróast áfram þar sem hljóðfærin byggja út frá tónunum sem hann lagði. Kassagítarinn fær síðan minna hlutverk, minna pláss. En það er eitt sem má ekki gleyma ... hvað setti tóninn?

Lagið er óður til verkafólksins. Fólkið sem byggði samfélagið upp en passar ekki í staðlað kerfið og er þar af leiðandi deyjandi stétt.

Öryggi og velferð í Uppsveitum



Sem íbúi í Uppsveitum Árnessýslu er ég mjög hugsi þessa dagana varðandi öryggi og velferð okkar hér í því samfélagi sem við búum og störfum í.

Í fyrra varð banaslys á þekktum ferðamannastað í Uppsveitum Árnessýslu og fyrsti „viðbragðsaðili“ á staðinn var rúmlega hálf tíma á staðinn frá því að útkall berst, og 15 mínútur síðar komu þeir næstu. Ég set orðið viðbragðsaðili í gæsarlappir því samkvæmt huglægu mati lögreglustjóra á Suðurlandi virðist skipta máli hvaða vindátt er á Selfossi hvort ég flokkist sem slíkur.

Seinnipart síðastliðins föstudag kem ég svo að slysi á Laugarvatnsvegi hvar maður lætur lífið úti í vegkanti á falllegum og sólríkum sumardeg.

Biðin eftir viðbragðsaðilum var óþægilega löng, sjálfsagt eins og hún er alltaf þegar líf

liggur við, en það sem stakk mig svolítið í þessu var það að enginn viðbragðsaðili frá næstu slökkvistöð (Laugarvatni í þessu tilviki) var kallaður út og fréttu bara af slysinu í fréttum.

Á sama tíma berast fréttir frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands að engin bakvakt lækna verði á svæðinu eftir 1. september næstkomandi aukinheldur að Heilsugæslan í Laugarási sé að öllum líkindum að flytja á Flúðir í Hrunamannahreppi.

Það er eiginlega alveg sama hvernig ég horfi á þetta mál, hvaða póla ég tek inn í breytuna, mér tekst bara ekki með nokkru móti að fá þetta dæmi til að ganga upp.

Samkvæmt fasteignaskrá eru 2143 sumarhús í Bláskógabyggð og 3272 sumarhús í Grímsnes og Grafningshreppi – 5415 sumarhús auk íbúa, og margir þessir bústaðir í +40 mínútna aksturs tíma frá næsta sjúkrahúsi.

Auk þess fara þúsundir um svæðið daglega á leið sinni um Gullna Hringinn. Og ekki hvarflar að framámönnum ferðþjónustunnar annað en að koma fram og segja „Ísland er ekki uppselt“ þegar ljóst er að innviðir landsins sem smíðaðir eru fyrir 370 þúsund íbúa þess eru komnir að þölmörkum – nei, það er ennþá til hótelplass og það er besti mælikvarðinn.

Heilbrigðisþjónustan, löggæslan, slökkvilið/sjúkraflutningar, vegakerfið og sjálfbæðandi samtök sem sinna neyðarþjónustu hafa ekki þróast né stækkað í takti við aukinn straum ferðamanna til landsins.

Hér eru allir mikilvægir innviðir komnir að þölmörkum og það fyrir talsverðu síðan.

Hvenær í ósköpunum gerist það og hvað þarf eiginlega að ganga á áður en sjúkrahúsið fær fasta stöð í Uppsveitunum og lögregla sér fram á að bíll sé á svæðinu að staðaldri?

Vissulega er sjúkraflutningamaður á vakt í Þingvallahjóðgarði en hann er þar því hjóðgarðurinn greiðir fyrir viðveru hans þar – dýru gjaldi og fer ekki útfyrir hjóðgarðinn til að sinna neyðartilfellum nema í algjörum undantekningum.

Aukinheldur er lítill hópur á Flúðum sem sinnir hlutverki vettvangsliða á því svæði upp að Gullfossi og Geysi, en hvað svo?

Er hreppapólitíkin/rígurinn svona svakalega vel inngróinn að við hin mætum bara afgangi?

Haraldur Helgi Hólmfríðarson

Höfundur er björgunar-sveitarmaður, búsettur á Laugarvatni og hefur áhuga á samfélagsmálum.



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Starfsmaður í verslun - Selfossi

Óskum eftir starfsmanni í verslun Líflands á Selfossi á Austurvegi 69. Vinnutími er frá kl. 10 - 18 virka daga og frá kl. 10 - 14 annan hvern laugardag.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinnutími gæti breyst í 12-18 virka daga í haust eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Almenn verslunarstörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Lyftararéttindi eru kostur
- Þekking á íslenskum landbúnaði og hestamennsku er kostur
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision kostur

Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Jónsdóttir, verslunarstjóri, í tölvupósti gudbjorg@lifland.is

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

fyrir lífið í landinu



Vegabréf Bobby Fischers er fundið og komið á sinn stað

Við tiltekt í sendiráðinu í Tókýó í vor dúkkaði upp útrunnið og gatað „vegabréf útlendings“ í nafni Roberts nokkurs James Fischer. Þarna var um að ræða vegabréf fyrrum skáksnillingins Bobby Fischer sem gefið var út í febrúar 2005 til að koma honum til Íslands, þar sem hann fékk síðar íslenskt ríkisfang eins og margir muna. Í þessu vegabréfi var hann skráður „ríkisfangslaus“.

Sendiherra Íslands í Tókýó, Stefáni Hauki Jóhannssyni varð strax hugsað til Fischersetursins á Selfossi en svo vildi til að hann hafði fyrir skemmstu verið að aðstoða Setrið við að komast í samband við ekkju Fischers sem er frá Japan og býr þar. Leitað var til laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins til að kanna hvort og hvernig hægt væri að láta vegabréf látins einstaklings þriðja aðila (Fischersetrinu) í té og í þeirri málaleitan kom á daginn að annað vegabréf hafði nýverið fundist á prótókollskrifstofu ráðuneytisins, almennt vegabréf fyrir íslenska ríkisborgara útgefið í mars 2005, fyrir þennan sama Robert James Fischer. Í því vegabréfi er hann skráður íslenskur. Þar var þá um að ræða vegabréfið sem hann fékk eftir



hann öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt, um leið og „vegabréf útlendings“ var gatað og ógilt.

Eftir nokkrar vangaveltur var niðurstaðan sú að utanríkisráðuneytið myndi afhenda Fischer-setrinu tvö útrunnin vegabréf

gefin út í nafni Robert James Fischer, kt. 090343-2039, til ótímabundinnar vörslu og sýningar sem safngrip, með þeim fyrirvara að ráðuneytið gæti kallað það til sín ef þörf krefði.

Svo skemmtilega vildi til að Stefán Haukur Jóhannsson sendiherra var staddur á landinu þegar niðurstaðan lá fyrir. Mælti hann sér mót við Aldísi Sigfúsdóttur í Fischer-setrinu og afhenti henni þessi tvö vegabréf fyrrum skákmeistarans Bobby Fischers og gat þannig fylgt sögunni eftir frá upphafi til enda.



Unnur nýr fjármálastjóri Árborgar

Unnur Edda Jónsdóttir hefur verið ráðin fjármálastjóri hjá Sveitarfélaginu Árborg. Unnur Edda mun taka við starfi fjármálastjóra af Ingibjörgu Garðarsdóttur sem lætur af störfum eftir rúm 16 ár. Starfið var auglýst laust til umsóknar þann 24. maí sl. Alls bárust 18 umsóknir um starfið, sex umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka.

Unnur Edda lauk BS gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og MLB gráðu í forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Unnur Edda hefur starfað sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Arion banka frá 2014 og vann við fjárstýringu hjá Vodafone á árunum 2012-2014.



HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

BRAM AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bilasprautun - Bilaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
Vilmundur Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980